

62

7. maí

4. gr.

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir 1. jan. 1930.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús J. Kristjánsson.

63

7. maí

L Ö G

um

varðskip landsins og skipverja á þeim.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Varðskip landsins skulu eiga heima í Reykjavík. Þetta þarf ekki að letra á skipin. Skjaldarmerki Íslands skal á þeim vera. Skipverjar allir eru sýslunarmenn landsins. Þeir skulu vera slysatrygðir á kostnað landssjóðs, eftir sömu reglum og gilda um slysatryggingu hjá Eimskipafjelagi Íslands.

2. gr.

Skipstjórar varðskipanna og stýrimenn eru löggæslumenn Íslands á landhelgisvæðinu og þeim hafhlutum, er með lögum kunna að verða sjerstaklega friðaðir móti togaraveiðum,

3. gr.

63

7. maí

Dómsmálaráðherra skal gera starfsamning við skipstjóra, stýrimenn og vjelstjóra, er bindandi sje af hálfu ráðuneytisins til 6 ára í senn, en til eins árs af hálfu þessara yfirmanna. Hvor samningsaðilja getur þó að öðru leyti sagt upp samningnum með 3 mánaða fyrirvara, og dómsmálaráðherra getur vikið mönnum þessum úr starfi áður en samningstíminn er útrunninn, eftir sömu reglum og embættismönnum er vikið úr embætti. Þó er slíkur brottrekstur ekki lögmætur, nema meiri hluti sjávarútvegsnefnda í báðum deildum Alþingis samþykki á sameiginlegum fundi brottvísun á næsta þingi eftir að afsetningin fór fram.

4. gr.

Vjelameistari ræður kyndara, en skipstjóri aðra starfsmenn skipsins, þá, sem ekki eru tilnefndir í 3. gr., nema sjerstaklega verði mælt öðruvísi fyrir í lögum. Um þá starfssamninga, er vjelameistari og skipstjóri gera, gildir þriggja mánaða uppsagnarfrestur fyrir báða málсаaðilja.

5. gr.

Skipstjóri getur vikið þeim skipverjum, er um ræðir í 4. gr., fyrirvaralaust frá starfi, ef honum þykir ástæða til.

6. gr.

Dómsmálaráðuneytið semur reglugjörð um skyldur og störf skipverja á varðskipunum. Þátttaka í verkfalli varðar skipverja ábyrgð eftir lögum nr. 33, 1915.

7. gr.

Skipstjórum og stýrimönnum á varðskipunum skal skylt að kenna hásetum, er á varðskipunum vinna, verklega sjómensku, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugjörð.

8. gr.

Skipstjóri á varðskipi skal hafa að byrjunarlaunum 6500 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 500 krónur, upp í 8000 kr. á ári.

Yfirstýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, en launin hækka þriðja hvert ár um 400 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Annar stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár, upp í 3600 kr. á ári.

Þriðji stýrimaður hefir að byrjunarlaunum 2800 kr. á ári, en launin hækka árlega um 100 kr. í 4 ár., upp í 3200 krónur á ári.

Á varðskipi með 700 hestafla vjel eða stærri skulu laun vjelstjóra vera sem hjer sęgir;

63

7 maí

Yfirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 5000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 5600 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3800 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 4400 kr. á ári.

Þriðji vjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3000 kr. á ári, er hækka á tveggja ára fresti um 200 kr., upp í 3600 kr. á ári.

Á varðskipi sem hefir minni vjel en 700 hestöfl, skulu laun vjelstjóra vera sem hjer segir:

Yfirvjelmeistari hefir að byrjunarlaunum 4600 kr. á ári, er hækka árlega um 100 kr., upp í 5000 kr. á ári.

Undirvjelstjóri hefir að byrjunarlaunum 3200 kr. á ári, er er hækka árlega um 100 kr., upp í 3800 kr. á ári.

Kaupgreiðslur til fullgildra háseta og kyndara sjeu hafðar í samræmi við slíkar greiðslur á strandferðaskipi ríkisins.

Starfsmenn þessir njóta allir dýrtíðaruppbótar á launin eftir sömu reglum sem gilda fyrir starfsmenn ríkisins. Skulu þeir njóta sama rjettar og aðrir embættismenn um eftirlaun, enda greiði þeir árlegt gjald í lífeyrissjóð.

9. gr.

Starfstími þeirra af skipverjum, sem áður voru að staðaldri í þjónustu Björgunarfjelags Vestmannaeyja, telst frá þeim tíma, er þeir lögskráðust í fyrsta skifti á björgunar- og eftirlitsskipið „Þór“, og reiknast kauphækkun þeirra eftir því.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 41 1927 og lög nr. 51 1927, svo og önnur eldri lög og fyrirmæli, er kunna að fara í bága við ákvæði þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L, S.)

Jónas Jónsson.